

Mennta- og fræðslustefna VR

Mennta- og fræðslustefna VR er atvinnustefna þar sem menntun er hagsmunamál allra aðila vinnumarkaðarins, félagsmanna og atvinnrekenda. Aukin menntun í atvinnulífinu eykur virkni þess og bætir lífsgæði félagsmanna.

- VR vill taka virkan þátt í mótun og framkvæmd menntunar á Íslandi.
- VR leggur áherslu á að félagsmönnum séu tryggð jöfn tækifæri til menntunar, þeir geti sótt óformlega og formlega menntun og fengið ráðgjöf til að styrkja sig á vinnumarkaði.
- VR leggur áherslu á að grunnmenntakerfi landsins sé raunverulegur valkostur fyrir alla, veiti fólki tækifæri til að sækja formlegt nám og stuðli að aukinni færni félagsmanna.
- VR leggur áherslu á að reynsla og hæfni félagsmanna sé metin til styttingar á námi.
- VR leggur áherslu á að þeir sem þurfa á sérúrræðum að halda standi slík þjónusta til boða, svo sem íslenskukennsla fyrir nýbúa og samfélagsfræðsla. VR vill gera sérstakt átak fyrir þá sem þurfa aðstoð vegna lesblinduvanda.
- VR leggur áherslu á að efla samvinnu samtaka launafólks, atvinnurekenda, fræðslustofnana og stjórnvalda í menntamálum.

Dags. 12. september 2007

Stjórn VR